

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps, nr. 109/1999.

#### 1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Hreppsnefnd heldur reglulega fundi á fimmtudegi eða föstudegi í þriðju viku hvers mánaðar. Fundir skulu ekki hefjast fyrr en kl. 13.00 á fimmtudegi og ekki síðar en kl. 17.00 á föstudegi umrædda daga. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „Oddviti hreppsnefndar“ í 2. mgr. 44. gr. samþykktarinnar kemur: Sveitarstjóri.

#### 3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

- a. 4., 15. og 17. tölul. B-hluta falla brott. Aðrir töluliðir breytast til samræmis við þessa breytingu.
- b. Við B-hluta bætist nýr töluliður, er verður 18. tölul., svohljóðandi:  
*Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.*
- c. C-hluti samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samþykkt skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 2. maí 2003.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

*Guðjón Bragason.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Suðurnesjum.

#### 1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda, sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.500. Eindagi gjaldsins er 1. apríl ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.